

Samstarfsnefndir
Heilbrigðisstofnunar Austurlands og eftirtalinna aðildarféлага
Bandalags háskólamanna

Félag geislafræðinga
 Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
 Iðjubjálfafélag Íslands

Ljósmeðrafélag Ísland
 Félag íslenskra lífeindafræðinga
 Stéttarfélag sjúkrabjálfa

gera með sér svofelldan

STOFNANASAMNING

**um forsendur og reglur um röðun starfa við stofnunina samkvæmt
 kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs dags. 28.
 febrúar 2005.**

1. Gildissvið.

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í ofanefndum félögum sem starfa hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands.

2. Markmið.

Um markmið er vísað til greinar 11.2.1 ofangreinds kjarasamnings, auk þess að HSA sé eftirsóknarverður vinnustaður.

3. Röðun starfa .

Um röðun starfa er vísað til greinar 11.3.1 og 11.3.2 ofangreinds kjarasamnings.

3.1 Starfslýsingar

Hverjum starfsmanni er raðað samkvæmt starfslýsingu. Í starfslýsingu kemur fram hvaða verkefni og skyldur viðkomandi starfsmaður gegnir. Auk þess kemur fram færni (kunnáttustig/sérhæfing) og starfsreynsla sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Doktorspróf , masterspróf og /eða háskólapróf og viðurkennt framhaldsnám/sérnám 20-60 ein. sem nýtist í starfi raðast í starfslýsingar sbr. **Fylgiskjal I.**

3.2 Persónu- og tímabundnir þættir

Meta skal persónu- og tímabundna þætti sbr. 11.3.2. sem álag á launaflokka. Slíkt álag skal háð endurmati. Meta má vægi álags beggja þátta til hækkunar um allt að 20 % samanlagt af viðkomandi launaflokki í 2.5 % bilum.

A. Námskeiðviðbótarnám.

- Fyrir 60 stundir í námskeiðum fæst 1 álagsflokkur (2,5 %).
- Fyrir 120 stundir í námskeiðum fæst 1 álagsflokkur (2,5%).
- Fyrir 240 stundir í námskeiðum fæst 1 álagsflokkur (2.5%). (Alls 3 álagsflokkar fyrir námskeið)
- Fyrir 15 eininga diplomanám fæst 1 álagsflokkur (2.5%).

B. Starfsreynsla innan HSA

- Eftir 4 ár í starfi hjá HSA fæst 1 álagsflokkur (2,5%).
- Eftir 12 ár í starfi hjá HSA fæst 1 álagsflokkur (2,5 %)
- Eftir 20 ár í starfi hjá HSA fæst 1 álagsflokkur (2,5%).

C. Álag

- Heimilt er að greiða tímabundið álag vegna manneklu sem er langvarandi og íþyngjandi skv. mönnunarplani.
- **10%:** Starfsmaður skilar reglubundið a.m.k. 50% (þ.e. 10 - 11 vaktir í mánuði) starfi á næturvöktum.
- **15%:** Starfsmaður skilar reglubundið a.m.k. 60% (þ.e. 12 -13) vaktir í mánuði) starfi á næturvöktum

D. Verkefni

- Greitt verði skv. grein 1.3.1. í miðlægum kjarasamningi í 3 mánuði fyrir tímabundin verkefni sem starfsmanni er falið að vinna fyrir HSA. (sjá fylgiskjal II bókun 6) Verkefnið sé skilgreint í upphafi.

E. Hæfni, sérstakur árangur og/ eða frammistaða

- **2.5% - 5%:** Heimilt er að greiða þetta álag fyrir sérstaka persónuþætti, s.s. að starfsmaður:
Hafi sértæka reynslu sem nýtist við störf hans hjá stofnuninni
Stundi fræðilegar athuganir á starfssviði stofnunar.

4. Hlutverk samstarfsnefndar

Samstarfsnefnd skal annast endurskoðun og breytingar á stofnanasamningi sbr. gr. 11.3. í kjarasamningi. Þar skal og samið um röðun starfa skv. 25. gr. laga nr. 94/1986. Samstarfsnefnd skal ennfremur fjalla um ágreiningsmál sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings. Að öðru leyti skal um starfshætti samstarfsnefndar fara samkvæmt ákvæðum greiðar 11.4. í kjarasamningi.

5. Gildistaka og endurskoðun

Gildistími stofnanasamnings er frá 1. október 2006 og til 30. apríl 2008. Aðilar geta óskað endurskoðunar komi upp þær aðstæður sem tilgreindar eru í 2. mgr. 5.gr. þessa samnings.

Undirritun sammings

Reyðarfirði 10. nóvember 2006

f.h.Heilbrigðisstofnunar Austurlands.

f.h. aðildarféлага Bandalags

m. fyrirvara um samþykki ráðuneytis.

háskólamanna

Fylgiskjal I.

Starfslýsing A

Launaflokkur 1. Nemandi á háskólastigi sem lokið hefur að minnsta kosti 3 árum í viðkomandi grein.

Starfslýsing B Greiddir 12 fastir yfirvinnutímar

Launaflokkur 4 Hjúkrunarfræðingur 1, Sjúkraþjálfari 1, Iðjuþjálfari 1, Geislafræðingur 1, Lífeindafræðingur 1. Starfsreynsla 0-2 ár í faginu. Hann vinnur sjálfstætt, er fær um að taka sjálfstæðar vaktir ef við á og skipuleggur störf annarra ef við á.

Launaflokkur 5 -7 Hjúkrunarfræðingur 2, Ljós móðir 1, Sjúkraþjálfari 2, Iðjuþjálfari 2, Geislafræðingur 2, Lífeindafræðingur 2. Starfsmaður kominn vel á veg og/eða með 2ja ára starfsreynslu í faginu, eða 0-2 ára starfsreynslu og viðurkennt viðbótarnám 20-60 ein. Hann vinnur sjálfstætt, er fær um að taka sjálfstæðar vaktir ef við á og skipuleggur störf annarra ef við á. Starfsmaður er fær um að leiðbeina nýju starfsfólki og nemum. Starfsmaður með 60 -90 eininga sérnám eða masterspróf raðast 2 launaflokkum hærra en ella (7fl.).

Launaflokkur 6 -9 Hjúkrunarfræðingur 3, Ljós móðir 2, Sjúkraþjálfari 3, Iðjuþjálfari 3, Geislafræðingur 3, Lífeindafræðingur 3. Starfsmaður er mjög fær í starfi og/eða með 6 ára starfsreynslu, eða minni starfsreynslu og

viðurkennt viðbótarnám 20-60 ein. Hann vinnur sjálfstætt, er fær um að taka sjálfstæðar vaktir ef við á og getur verið staðgengill yfirmanns á deild í fjarveru hans. Hann er fær um að leiðbeina nýju starfsfólki og nemum. Starfsmaður getur tekur þátt í stefnumótun á sínum vinnustað og er fær um að innleiða breytingar og nýjungar í starfi.

Starfsmaður með 60 -90 eininga sérnám eða masterspróf raðast 2 launaflokkum hærra en ella (8.lfl.). Starfsmaður með doktorspróf raðast 3 launaflokkum hærra en ella (9.lfl.).

Starfslýsing C

Launaflokkur 6 -9. Deildarstjóri 1, Vaktstjóri 1, Sviðstjóri 1.

Stýrir einni einingu/fagsviði eða deild með takmörkuð mannaforráð (1-4 stöðugildi). Starfsmaður með 20-60 eininga viðbótarmenntun raðast 1 launaflokki hærra.

Starfsmaður með 60 -90 eininga sérnám eða masterspróf raðast 2 launaflokkum hærra en ella.

Starfsmaður með doktorspróf raðast 3 launaflokkum hærra en ella.

Greiddir 15 fastir yfirvinnutímar

Launaflokkur 7 -10. Deildarstjóri 2

Stýrir heilsugæslusviði og/eða hjúkrunarsviði með mannaforráð upp á 5-15 stöðugildi.

Starfsmaður með 20-60 eininga viðbótarmenntun raðast 1 launaflokki hærra.

Starfsmaður með 60 -90 eininga sérnám eða masterspróf raðast 2 launaflokkum hærra en ella.

Starfsmaður með doktorspróf raðast 3 launaflokkum hærra en ella.

Greiddir 15 fastir yfirvinnutímar

Launaflokkur 8 - 11. Deildarstjóri 3 (Egilsstaðir, Seyðisfjörður)

Stýrir sjúkrasviði og hjúkrunarsviði með mannaforráð upp á 16- 39 stöðugildi. Er staðgengill hjúkrunarstjóra.

Starfsmaður með 20-60 eininga viðbótarmenntun raðast 1 launaflokki hærra.

Starfsmaður með 60 -90 eininga sérnám eða masterspróf raðast 2 launaflokkum hærra en ella.

Starfsmaður með doktorspróf raðast 3 launaflokkum hærra en ella.
Greiddir 20 fastir yfirvinnutímar

Launaflokkur 9 - 12. Deildarstjóri 4 (FSN)

Stýrir sjúkrasviði og hjúkrunarsviði með mannaforráð yfir 40 stöðugildum. Er staðgengill hjúkrunarstjóra.

Starfsmaður með 20-60 eininga viðbótarmenntun raðast 1 launaflokki hærra.

Starfsmaður með 60 -90 eininga sérnáam eða masterspróf raðast 2 launaflokkum hærra en ella.

Starfsmaður með doktorspróf raðast 3 launaflokkum hærra en ella.
Greiddir 25 fastir yfirvinnutímar

Starfslýsing D

Launaflokkur 7 - 10. Hjúkrunarstjóri 1, Yfirsjúkraþjálfari, Yfiriðjuþjálfari, Yfirgeislafræðingur, Yfirlífeindafræðingur.

Stýrir einni einingu/fagsviði eða deild með takmörkuð mannaforráð (1-5 stöðugildi).

Starfsmaður með 20-60 eininga viðbótarmenntun raðast 1 launaflokki hærra.

Starfsmaður með 60 -90 eininga sérnáam eða masterspróf raðast 2 launaflokkum hærra en ella.

Starfsmaður með doktorspróf raðast 3 launaflokkum hærra en ella.
Greiddir 15 fastir yfirvinnutímar.

Launaflokkur 8 -11. Hjúkrunarstjóri 2.

Stýrir heilsugæslusviði og/ eða hjúkrunarsviði með mannaforráð upp á 6-19 stöðugildi.

Starfsmaður með 20-60 eininga viðbótarmenntun raðast 1 launaflokki hærra.

Starfsmaður með 60 -90 eininga sérnáam eða masterspróf raðast 2 launaflokkum hærra en ella.

Starfsmaður með doktorspróf raðast 3 launaflokkum hærra en ella.
Greiddir 20 fastir yfirvinnutímar

Launaflokkur 10 -13. Hjúkrunarstjóri 3

Stýrir sjúkrasviði, hjúkrunarsviði og heilsugæslusviði með mannaforráð upp á 20 - 39 stöðugildi.

Starfsmaður með 20-60 eininga viðbótarmenntun raðast 1 launaflokki hærra.

Starfsmaður með 60 -90 eininga sérnám eða masterspróf raðast 2 launaflokkum hærra en ella.

Starfsmaður með doktorspróf raðast 3 launaflokkum hærra en ella.

Greiddir 25 fastir yfirvinnutímar

Launaflokkur 11 -14. Hjúkrunarstjóri 4

Stýrir sjúkrasviði, hjúkrunarsviði og heilsugæslusviði með mannaforráð upp á yfir 40 stöðugildi.

Starfsmaður með 20-60 eininga viðbótarmenntun raðast 1 launaflokki hærra.

Starfsmaður með 60 -90 eininga sérnám eða masterspróf raðast 2 launaflokkum hærra en ella. Starfsmaður með doktorspróf raðast 3 launaflokkum hærra en ella.

Greiddir 25 fastir yfirvinnutímar

Fylgiskjal II

Bókanir

1. Hækkun vegna námskeiða, starfsaldurs og lífaldurs taki gildi mánuði eftir að gögnum er skilað inn.
2. Hjúkrunarfræðingar sem vinna einir á næturvakt á HSA fá 1,5 klst. í yfirvinnu fyrir hverja næturvakt.
3. Allir starfsmenn skulu hafa kost á 4 lesdögum á ári og skulu þeir teknir skv. samkomulagi við næsta yfirmann.
4. Sjúkraþjálfurum, sem eru í fullu starfi (100%) hjá HSA, er heimilt að uppfylltri vinnuskyldu sinni, að sinna göngudeildarþjónustu aukalega. Er þá greitt fyrir hvern sjúkling samkvæmt taxta TR. Sú göngudeildarþjónusta innheimtist með annarri göngudeildarþjónustu HSA og greiða sjúkraþjálfarar 40% af þeirri vinnu í innheimtu- og aðstöðugjald.
Sjúkraþjálfarar sinna þessari vinnu sem launþegar, en umfang þessarar vinnu skal aldrei vera meira en sem nemur 12 meðferðum á mánuði. Fyrir hverja meðferð sem sinnt er aukalega að uppfylltri vinnuskyldu sinni eins og fram kemur hér að ofan greiðist 0,25 yv.
5. Heilbrigðisstofnun Austurlands leggur sjúkraþjálfurum og iðjuþjálfum til hentugan klæðnað einu sinni ári s.s. buxur og bol/peysu/jakka. Samkomulag er um að við framvísun reiknings/reikninga frá söluaðila fatnaðar greiðast sjúkraþjálfara/iðjuþjálfara kr. 15.000.- pr ári miðað við 100% starf, en hlutfallslega minna fyrir minna starfshlutfall.
6. Grein 1.3.1 í miðlægum kjarasamningi: Heimilt er að greiða sérstaka umbun umfram mánaðarlaun skv. greinum 1.2.1 og 1.2.2 sem aldrei skal þó nema hærri fjárhæð en 30.000 kr. á mánuði. Það hámark tekur ekki breytingum á samningstímanum. Umbun þessi greiðist vegna sérstakra tímabundinna þátta sem ekki falla undir grein 1.2.2 og greiðist aldrei lengur en áhrif þeirra þátta vara. Ákvörðun um greiðslu slíkrar umbunar skal tekin af forstöðumanni og byggjast á skriflegum reglum sem hann hefur kynnt starfsmönnum.